



Umsóknir um starf samfélagsfulltrúa á Bakkafirði

Alls bárust 8 umsóknir um starf samfélagsfulltrúa á Bakkafirði, tveir drógu umsóknir sínar tilbaka þannig að 6 umsóknir eru lagðar fyrir byggðaráð. Á fundi hverfisráðs Bakkafjarðar 29. janúar var sveitarstjóra falið að ræða við 4 umsækjendur, nr. 1, 3, 5 og 7. Allir umsækjendur eru númeraðir af handahófi í gögnum.

Niðurstaða sveitarstjóra eftir þessi viðtöl var að mæla með því við hverfisráð að umsækjandi nr. 7 væri hæfastur til starfsins og ræða við viðkomandi um ráðningu, laun og starfstíma. Gunnlaugur Steinarsson, formaður hverfisráðs tók ekki þátt í ráðningarferli né að ákveða hvaða umsækjandi yrði ráðinn vegna skyldleika við einn umsækjanda.

Sveitarstjóri leggur því til við byggðaráð að samið verði við umsækjanda nr. 7 um starfið.

Gert er ráð fyrir að umsækjandi verði ráðinn frá og með 1 apríl næstkomandi. Nöfn umsækjenda verða ekki gefin upp nema farið verði fram á það samkvæmt upplýsingalögum. Þeir eru því númeraðir af handahófi í gögnum sem fylgja og þau ekki birt þegar fundargerð verður birt opinberlega.

Umsóknir eru í gögnum fundar hverfisráðs frá 29. janúar sem eru á Teams. Óskað er eftir að málið verði trúnaðarmál þar til ósk berst um birtingu nafna en þá verður haft samband við umsækjendur og óskað heimildar til nafnbirtingar.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri